

Skólaráð 9. október 2019

Fossvogsskóli kl. 8:30

Fyrsti fundur nýs skólaráðs á nýju skólaári

Mættir: Árný Sigurðardóttir framkvæmdastjóri og Rósa Magnúsdóttir fulltrúar frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Karl og Agnar Freyr fulltrúar foreldra, Guðrún Þ. og Halla fulltrúar kennara, Helena fulltrúi starfsfólks, Aðalbjörg, Ingibjörg Ýr og Árni skólastjórnendur.

Ritari er Árni.

Dagskrá:

- Fulltrúar frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) fara yfir hlutverk þess.
- Nýtt skólaráð kynnt og starfsáætlun þess fyrir skólaárið 2019 – 2020.
- Starfsáætlun Fossvogsskóla 2019 - 2020 lögð til samþykktar.
- Önnur mál.

Nýtt skólaráð kynnt.

Fulltrúar nemenda:

Fulltrúar frá 7. bekk. Anna Ingibjargardóttir, haustönn, og Ísak Jón Sanholt, vorönn.

Fulltrúar frá 6. bekk. Arnór Bjarki Halldórsson, haustönn, og Eldlilja Kaja Heimisdóttir.

Fulltrúar kennara:

Guðrún Þorsteinsdóttir og Halla Gunnarsdóttir. Varamenn: Guðrún Þórðardóttir og Andrés Bjarni Sigurvinsson.

Fulltrúi starfsfólks:

Helena Rósa Róbertsdóttir. Varamaður: Guðný Ström.

Fulltrúar foreldra:

Agnar Freyr Helgason og Karl Óskar Þráinsson.

Varamenn: Eyþóra Hjartardóttir og Guðrún Lára Skarphéðinsdóttir

Fulltrúi grenndarsamfélags:

Fannar Helgi Rúnarsson, íþróttastjóri Víkings.

Aðalbjörg Ingadóttir skólastjóri og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir verðandi skólastjóri (29. okt.) stýrir fundum skólaráðs. Árni Freyr Sigurlaugsson, aðstoðarskólastjóri er ritari ráðsins. Fundargerðir verða settar á heimasíðu skólans.

Skólaráð gerir ráð fyrir því að hittast a.m.k. einu sinni í mánuði á skólaárinu og verða fundirnir kl. 8:30 að jafnaði einu sinni í mánuði, annan miðvikudag í hverjum mánuði.

Helstu verkefni ráðsins í vetur verða:

- Að fara yfir og kynna sér skipulag skólastarfs vetrarins.
- Að kynna sér ýmsar áætlanir um skólastarfið svo sem starfsáætlun, rekstraráætlun,

skólaþróunaráætlanir o.fl.

- Að fara yfir heimasíðu skólans.
- Að kynna sér ýmis gögn sem lýsa skólastarfinu (s.s. útkomu úr skimunum o.þ.h.).
- Skoða gögn um sem lúta að mati á skólastarfinu og taka þátt í mati á skólanum.
- Að svara erindum sem berast ráðinu.
- Annað það sem ráðinu finnst mikilvægt að skoða og upp kann að koma á skólaárinu.

Fundir skólaráðsins skólaárið 2019 – 2020 verða sem hér segir:

- 09. október 1. fundur kl. 8:30
- 13. nóvember kl. 8:30
- 11. desember kl. 8:30
- 15. janúar kl. 8:30
- 12. febrúar kl. 8:30
- 12. mars kl. 8:30
- 15. apríl kl. 8:30
- 20. maí kl. 8:30 hádegisverðarfundur

Fulltrúar frá HER

- Umræður um eftirlit stofnunarinnar og var hún gagnrýnd á fundinum. Fulltrúar HER voru spurðir hvort þeim þætti ekki rétt að skoða verkferla hjá eftirlitinu. Fulltrúar HER sögðu að stöðugt væri verið að skoða verkferlana. Fulltrúar HER fóru yfir verksvið stofnunarinnar. HER er stjórnarsýslu- og eftirlitsstofnun. Skólar fá starfsleyfi frá HER en skólarnir eru skoðaðir einu sinni á ári nema mótuneyti skólanna tvisvar. Allt viðhald skólanna er á ábyrgð USK en rekstraraðilar einnig ábyrgir fyrir að halda húsnæðinu í horfinu. Skoðunarmenn HER eru háskólamenntaðir og er starfið lögverndað. Starfsmenn HER fara eftir leiðbeiningum og geta ekki gengið lengra en þær segja til um. Starfsmenn HER meta hollustuhætti en eru ekki byggingarfræðingar. USK á að sjá um að laga það sem eftirlitið gerir athugasemdir með og stjórnendur eiga einnig að fylgja því eftir. Fulltrúar HER vilja að hugsað sé til framtíðar og fara fram á samtal á milli skólasamfélags Fossvogsskóla og HER ef eitthvað ef eitthvað má betur fara.

Starfsáætlun 2019-2020 .

- Farið var yfir helstu þætti í starfsáætluninni, séstaklega farið yfir umbótaáætlun og starfsþróun. Lag til að unnið verði að stefnu um foreldrasamstarf með stjórn foreldrafélagsins á skólaárinu. Áhersla á fornvvarnarstarf í þeirri samvinnu. Einnig rætt um þróun á innra mati skólans. Starfsáætlun samþykkt.

Önnur mál.

- Húsnæðismál.
 - Staða framkvæmda er þannig að verklok í Vesturlandi standast áætlun þ.e. lok nóvember.
 - Lóðaframkvæmdir á skólalóð austan við skólann standast áætlun þ.e. lok nóvember.

- Lóðaframkvæmdir sunnan við skólann seinkar um 2 vikur eða til mánaðamóta nóv./des.
- Rætt um heimilfræðistofu, lagfæringar á loftræstikerfi kláruðust í gær 8. október en beðið var eftir varahlut.
- Flygilsjóður. FFF hefur yfir að ráða nokkur hundruð þúsund í svokölluðum Flygilsjóði. Fulltrúar foreldra spurðu hvort skólinn vildi þiggja að gjöf hljómborð og hátalara sem væru vind- og vatnspolin. Vel tekið í það og á að biðja Elínu tónmenntakennara að skoða hvernig tæki ætti að kaupa.
- Spurt var um öryggismál varðandi gestkomur í skólann en það var gert af gefnu tilefni sem gerðist í Austurbæjarskóla. Því var svarað þannig til að öryggismál varðandi aðgengi að skólanum væru í lagi. Gangavarsla í frímínútum er góð og merki á veggjum við útidyr sem biðji gesti að fara á skrifstofu og láta vita af sér. Einnig hefur nemendum verið sagt að þeir megi ekki fara af skólalóðinni með fullorðnum nema láta vita. Spurt var um hvort setja ætti upp öryggismyndavélar við skólann. Umræður um það og sitt sýndist hverjum. Upplýst var um að SFS væri að vinna að sameiginlegum viðmiðum um öryggismál varðandi aðgengi að skólunum.
- Í íbúaráði hverfisins er einn fulltrúi foreldrafélaganna og situr núna fulltrúi frá Hálaeitisskóla
 - Jólaföndur FFF verður laugardaginn 23. nóvember.
 - Næsti fundur verður 13. nóvember.
- Fundi slitið upp úr kl. 10:00